Vesturbæjarblaðið

Dreift frítt í öll hús í póstnúmer 101 og 107

Erum einnig á visir.is

FEBRÚAR 2022

2. tbl. 25. árg.

Vesturbæjarútibú við Hagatorg

OPIÐ
8-24
ALLA DAGA
Á EIÐISTORGI
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

- bls. 4-5
Viðtal við
Dag B. Eggertsson
borgarstjóra

Nýbyggingar á Héðinsreit

Á Héðinsreit sem kenndur við Héðinshús við Seljaveg er eitt stærsta byggingasvæði íbúðabygginga í Vesturhluta Reykjavíkur. Í upphafi þessa árs eru tæplega 2.700 íbúðir í byggingu í borginni. Miðað við tveggja ára byggingartíma má því ætla að 1.350 nýjar íbúðir komi á markað árlega á næstu tvö árin. Hér má sjá nýbyggingar á Héðinsreit í vetrarríkinu sem hefur ríkt að undanförnu.

Betri laun
VIRTUS
Bókhald | Laun | Ráðgjöf
virtus.is

Velkomin á Grandann
Nú **sækjum** við og **skilum** bílnum

AFGREIÐSLUTIMI
mán. – fös. kl. 8–16:30

Frumherji

Hólmaslóð 2, 101 Reykjavík Sími 570 9090 • www.frumherji.is

Í gamla Héðinshúsinu, Seljavegi 2

Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18
Laugardaga: kl. 10-17

Reykjavíkur Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

Melabúðin
Þín verslun

Allt fyrir sprengidaginn...
SALTKJÖT
- beint úr tunnunum
léttsaltað á gamla mátann

Kjötið okkar klikkar ekki

Vesturbæjarblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.
Eiðistorgi 13-15 • 172 Seltjarnarnes • Pósthólf 171
Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími: 893 5904
Netfang: thordingimars@gmail.com
Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298
Heimasíða: borgarblod.is
Netfang: borgarblod@simnet.is
Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson
Umbrot: Valur Kristjánsson
Prentun: Landsprent ehf.
Dreifing: Póstdreifing ehf.
2. tbl. 25. árgangur
Vesturbæjarblaðinu er dreift í hvert hús í póstnúmerum 107, 102 og 101.

Hátækni og hugverk

Lengi hvíldi atvinnulíf Íslendinga á einni atvinnugrein. Sjósókn. Aflasölur í höfnun á Bretlandi og í Þýskalandi voru undirstaða gjaldeyrisöflunar landsmanna. Síðar var farið að selja fisk víðar. Með tilkomu hraðfrystingar urðu til markaðir vestanhafs og Austur Evrópa og einkum Rússland keyptu afurðir uppsjávarfiska. Nú skila sjávarafurðir um 16% af verðmætasköpun þjóðarinnar.

Á sjöunda tug liðinnar aldar voru landsmenn búnir að uppgötva að orka fallvatnanna gæti orðið undirstaða nýrrar framleiðslu og atvinnu. Finna varð kaupanda að orku sem auðvelt væri að virkja. Þá var lagt út í að byggja stóriðju. Íslendingar höfðu ekki getu til þess sjálfir og semja varð við erlend aðila um þær framkvæmdir.

Fyrst varð álverið Straumsvík til. Svo liðu mörg ár. Þá kom járnblendi til og álver á Grundartanga og síðast á Reyðarfirði. Stóriðjan leggur nú einnig til um 16% verðmætasköpunarinnar.

Á þessari öld braust ný atvinnugrein til vaxtar og viðgangs. Árið 2009 voru tekjur ferðaþjónustunnar um 20% af verðmætasköpun atvinnulífsins hér á landi og voru orðnar 35% af henni áratug síðar. Margir sáu fyrir sér nýja framtíð.

Ferðaþjónustan hefur þó ókosti. Hún er að hluta láglaunaatvinnuvegur. Auk þess er hún fallvölt. Kemur og fer eins og uppsjávarfiskurinn sem syndir öðru hvoru að ströndum landsins.

Ýmislegt hefur dunið á henni að undanförnu. Eldgos hafa heft flugumferð. Vandi flugrekstraraðila borið að höndum og síðast en ekki síst heimsfaraldur kenndur við kórónaveiru sem stöðvaði nánast öll ferðalög um lengri tíma.

Landsmenn verða að horfa til fleiri meginstoða í atvinnulífinu. Sérstaklega starfssviðs sem skapað getur mikil verðmæti – jafnvel á skömmum tíma. Um er að ræða hátækni- og hugverkaiðnað. Vesturbærinn er mikilvægt svæði þess. Má nefna Vatnsmýrina, Örfirisey og Eiðistorg á Seltjarnarnesi sem dæmi.

Fjölnotahús KR skorar hátt

- spennandi deiliskipulag svæðisins

Þannig mun KR svæðið líta út séð frá Kaplaskjólsvegi að framkvæmdum loknum.

Tillaga um endurskoðað deiliskipulag KR svæðisins í Vesturbænum hefur verið í vinnslu í talsverðan tíma og er nú komin í auglýsingu. Hún fellur vel að áherslum aðalskipulags, skapar möguleika á þéttingu byggðar og þar með sterkari grundvöll fyrir enn meiri þjónustu í hverfinu. Þawel Bartoszek formaður skipulags- og samgönguráðs segir að fjölnotahúsið sem liggur fyrir miðju svæðinu skori hátt í forgangsröðunarvinnu ÍBR og Reykjavíkurborgar og muni bæta mjög æfingaaðstöðu fyrir iðkendur á öllum aldri.

Í breyttu aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 er hluti KR svæðisins skilgreindur fyrir íbúðarbyggð, verslun og þjónustu. Meginmarkmiðið þess er að efla Vesturbæinn sem sjálfbært hverfi og að tryggja aukið framboð íbúðarhúsnæðis samanber Húsnæðisáætlun Reykjavíkur. Deiliskipulagssvæðið KR afmarkast af Flyðrugranda í norðaustri, Kaplaskjólsvegi í suðaustri, Frostaskjóli í suðvestri og íbúðarbyggð við Fjöru- og Boðagranda í norðvestri. Umrætt svæði verður breytt úr hreinu íþróttasvæði í svæði með íbúðir og þjónustu á jaðrinum en það eykur fjölbreytni.

Eldra fjarlægt og byggt nýtt

Þá er gert ráð fyrir fjölnota íþróttahúsi um miðbik svæðisins. Þar er m.a. gert ráð fyrir að eldra íþróttahús verði fjarlægt og byggt nýtt. Tengibygging er hugsuð fyrir búningsherbergi, félagsaðstöðu o.fl. Gert ráð fyrir skrifstofum félagsins og annarri starfsemi til dæmis tónlistarskóla. Nýr aðalkeppnisvöllur verður byggður. Vallarstæðinu snúið 90° miðað við núverandi völl, með áhorfendastúkum fyrir um 3.500 áhorfendur á tvær hliðar. Við Flyðrugranda og Kaplaskjólsveg verða byggingar fyrir þjónustu, bílastæði og íbúðir á sér lóð. Heildarstærð nýbygginga verður um 51.060 fermetrar.

Íslenskt-víetnamskt fjölskyldufyrirtæki keypti Herkastalann

Herkastalinn við Kirkjustræti.

Íslenskt-víetnamskt fjölskyldufyrirtæki hefur keypt Herkastalann svokallaða við Kirkjustræti 2 og hyggst reka þar hótel og veitingastað. Húsið verður endurnýjað í samræmi við nútímakröfur en haldið í upprunalegt útlit og skipulag. Frá þessu er greint í tilkynningu frá fyrirtækjasölunni Suðurveri.

Herkastalinn rúmar 53 gistiherbergi auk stuðningsrýma. Gert sé ráð fyrir að efri hæðir Kirkjustrætis 2 eða Herkastalans hýsi áfram almennan gistirekstur en á jarðhæð verði móttaka og veitingasala ásamt því sem veislusalurinn verði notaður undir veitingastarfsemi, viðburði og þjónustu. Í kjallara er aðaleldhús auk stuðningsrýma. Hjálpræðisherinn seldi Herkastalann árið 2016 á um 640 milljónir króna. Húsið hefur skipt um eigendur en seljandi þess nú var Kastali fasteignafélag sem er í eigu sjóðs í rekstri hjá GAMMA.

Öruggara spjall

Í öruggu netspjalli á islandsbanki.is getur þú auðkennt þig með rafrænum skilríkjum og sinnt öllum almennum bankaviðskiptum á einfaldan hátt.

Góð þjónusta breytir öllu

Meistaravellir verði áfram hjartað í Vesturbænum

- segir Dagur B. Eggertsson borgarstjóri

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri tilkynnti á dögunum að hann ætlaði í framboð í vor og leitast eftir umboði kjósenda til að halda áfram sem borgarstjóri. Vesturbæjarblaðið settist niður með Degi og ræddi við hann um borgarmálin, Vesturbæinn og það sem hann kallar „Nýju Reykjavík“ í nýútkominni bók. Dagur er bjartsýnn á framtíð borgarinnar og telur mörg tækifæri í stöðunni.

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri.

„Já, mér finnst þetta hafa gengið vel undanfarin ár. Við erum að þróa borgina í góða átt, gera hana skemmtilegri, litríkari og grænni. Við höfum verið að þétta byggð, styðja við jákvæða þjónustu í hverfunum og höfum skýra sýn á hvað þarf að gera næstu árin og á framtíðina. Eitt af lykilverkefnunum felst í Borgarlínu sem er hágæða almenningssamgöngukerfi sem mun hnýta hverfin og næstu uppbyggingarsvæði saman í eina heild.“

Grænt eða grátt

„Reykjavík sem einu sinni var grá, er að verða græn í öllum skilningi þess orðs. Það eru fleiri tré, fleiri og blómlegri græn svæði, fleiri blóm að sjálfsögðu en líka fleiri valkostir í samgöngumálum, miklu fleiri hjólastígar, meira af öllu sem er gott fyrir umhverfið og minna af því gráa. Það er þetta sem kosningarnar í vor snúast um, framtíð eða fortíð, grænt eða grátt. Ég hef stundum sagt að fólk þurfi ekki að vera 100% sammála meirihlutanum í öllu en ef það er sátt við þessa leið sem við erum að fara, að byggja borg fyrir fólk, þessa grænu áherslur í samgöngum og réttlátu leið í húsnæðismálum þá er valið einfalt í kosningunum í vor,“ segir Dagur.

Vesturbæingar duglegastir að ganga og hjóla

„Vesturbærinn hefur að sumu leyti sýnt að það skapar gott mannlíf ef ferðamátarnir eru fjölbreyttari. Það eru fleiri sem ganga og hjóla í Vesturbænum en í öðrum hverfum þótt við viljum alls staðar gera betur. Það eru til dæmis ennþá gríðarlega margir sem vilja helst geta skilið bílinn eftir heima ef aðrir góðir kostir eru í boði. Það á til dæmis við um 70% Vesturbæingar, samkvæmt könnunarfyritækinu Maskínu. Þetta tengist því í mínum huga að Vesturbærinn er í grunninn gott, vel staðsett og vel skipulagt hverfi og mikill metnaður í gríðarlega mörgu. Reykjavíkurborg á tvímælalaust að standa með borgarbúum í þessu.“

Bjart yfir starfi KR til framtíðar

Nóg er um að vera í Vesturbænum eins og endranær en KR-ingar hafa nýlega kynnt spennandi hugmyndir um uppbyggingu við Frostaskjól. Dagur segir hugmyndir KR-inga fara vel saman við framtíðarsýn borgarinnar á Vesturbæinn sem er eitt eftirsóttasta hverfið í borginni.

„Við höfum verið að ræða þessa hluti síðast liðin ár. Í fyrra náðist gríðarlega mikilvægur áfangi þegar við skrifuðum undir sameiginlega framtíðarsýn og vilja til að ráðast í uppbyggingu fjölnotahúss á KR-svæðinu. Hluti af samkomulaginu var að vinna nýtt skipulag fyrir svæðið sem verið var að samþykkja í auglýsingu. Framundan eru kynningarfundir og samtal en við viljum að næstu skref séu tekin markvisst. Hugmyndin er að byggja fjölnotahús, snúa aðal-velli félagsins og opna á byggingu íbúða. Það er einnig hægt að sjá fyrir sér hverfistengda þjónustu. Aðaláherslan er þó á þarfir barna, unglinga og íþróttastarfsemi til langrar framtíðar. Ég held að það sé óhætt að segja að það sé bjart yfir starfi KR til framtíðar í þessu ljósi. Meistaravellir verða sannkallað hjarta vesturbæjarins, eins og þeir hafa að mörgu leyti verið.“

Hvaða önnur verkefni eru helst á döfinni í Vesturbænum?

„Ég er að ljúka hverfaviku í Vesturbænum sem hefur verið mjög vel heppnuð. Skólarnir eru mjög sterkir, skólastarf einkennist af metnaði og þjónustan öll að mörgu leyti til fyrirmyndar. Vesturbæjarskóli nýtur góðs af viðbyggingu og endurgerðri skólalóð. Þarfagreining liggur fyrir um umbætur í húsnæðismálum Melaskóla og verður efnt til samkeppni um þær og nýtingu Hagatorgs til framtíðar. Húsnæðismál Hagaskóla hafa verið í deiglunni vegna yfirgripsmikilla viðgerða á núverandi húsnæði. Því verður sinnt af krafti en það er einnig verið að skoða viðbyggingu við skólann vegna fjölgunar barna sem leiða mun af nýju hverfi í Skerjafirði. Fyrri áfangi þess hefur verið samþykktur og verða það um 700 íbúðir. Síðari áfanginn, næst sjónum er enn í mótun en um er að ræða eitt grænasta skipulag í sögu borgarinnar. Leik- og grunnskóli mun risa á svæðinu, Skerjafjarðarskóli en unglingar munu verða í Hagaskóla. Þar þarf því að byggja við.“

Leikskólarnir mikilvægir

„Við höfum einnig verið í stóru verkefni á undanförnum árum sem gengur út á það að brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla. Þar gerum við ráð fyrir að opna nýja leikskóla, stækka suma eldri skóla og setja niður tímabundna leikskóla, það sem við köllum Ævintýraborgir. Núna í mars mun ein Ævintýraborg opna við Eggertsgötu en fyrirhugað er að bjóða upp á enn fleiri pláss í vesturbænum á þessu ári. Leikskólaplássum er því að fjölga hratt.

Umferðarhraðinn er að lækka

Mikil umfjöllun hefur verið um hraðakstur á Hringbraut og annars staðar í Vesturbæ. Dagur segir umferðaröryggismálin vera mikilvæg og öryggi gangandi og hjólandi eiga að vera í forgang

„Við höfum verið að lækka hraða í hverfum mjög markvisst með sérstakri hámarkshraðaáætlun. Til dæmis þá erum við að fara að lækka hraðann á þessu ári á Hofsvallagötu við Vesturbæjarlaug niður í 30 km. Á Einarsnesi verði sömuleiðis hraði lækkaður niður í 30 km á völdum kafla. Á seinni stigum lækkum við hraðann við Suðurgötu sunnan Skothúsvegar niður í 40 km, Þorragötu sömuleiðis og Njarðargötu. Við erum að setja ný gönguljós við Hringbraut og skipta út gömlum við Framnesveg og Bræðraborgarstíg og bæta öryggi við Hofsvallagötu og Hringbraut með nýjum ljósum og nýrri og betri lýsingu og hönnun til að auka öryggi enn frekar.“

Miðborgin frá Granda upp á Hlemm

Þar sem miðborgin er líka leikvöllur Vesturbæinga leikur blaðamanni forvitni á að vita um þær breytingar sem hafa orðið á gömlu miðborginni undanfarin ár.

„Vesturbæingar eiga auðvitað sína eigin þjónustukjarna eins

Svona mun KR svæðið líta út séð frá Kaplaskjólasvegi eftir endurbyggingu.

og við Hofsvallagötuna og það er einhvern veginn stutt í allt í vesturbænum. Miðborgin hefur verið að taka miklum og áhugaverðum breytingum, hún hefur stækkað út á Granda og upp á Hlemm þar sem sannkölluð andlitslyfting á Hlemmtorgi eru fyrirhuguð. Íbúðir eru víða að rísa á spennandi reitum. Á undanförnum árum hafa til að mynda risið 500 íbúðir frá Hlemmi og niður að Hafnartorgi þannig að börnum hefur fjölgað á nýjan leik í 101. Það hefur líklega ekki farið fram hjá neinum að Héðinsreitur er á fullu í uppbyggingu en við sjáum fyrir okkur verklok þar á næsta ári. Steindórsreitur er líka spennandi framkvæmdasvæði þar sem verður fullt af íbúðum með þjónustu á jarðhæð fyrir Vesturbæinga og aðra borgarbúa.“

Sterkir hverfiskjarnar

„Með fjölgun íbúa skapast þessi skemmtilegi borgarbragur sem við þekkjum þar sem sterkir hverfiskjarnar ná að myndast og við kynnumst erlendis. Við sjáum veitingastöðum fjölga, fólk situr úti í öllum veðrum og Reykjavík verður einhvern veginn meiri borg. Laugavegurinn er að snúa vörn í sókn með því að verða göngugata og áhugaverðar verslanir og veitingastaðir hafa verið að bætast við eftir kóvíd. Hafnartorgið og Austurhöfnin munu svo tengja saman Hörpu og Kvosina.“

Listaháskólinn, Hús myndlistar og Borgarbókasafnið

Dagur snýr sér að Tryggvagötunni. „Tryggvagatan sem er nærsvæði Vesturbæinga hefur líka nýverið gengið í gegnum endurnýjun lífdaga. Dásamlegt mósaík verk Gerðar Helgadóttur fær nú loks að njóta sín eftir að við fjarlægðum bílastæðin. Listaháskóli Íslands mun flytja inn í þetta sögufræga hús. Á sama tíma mun borgin opna safn Nínu Tryggvadóttur í hluta Hafnarhússins sem þá verður orðið hús myndlistar og loks erum við að endurnýja Grófarhúsið þar sem aðalsafn Borgarbókasafnsins er sem mætti kalla hús orðsins. Þannig verður Tryggvagatan orðinn ein heildstæð borgargata með hlaðborð af afþreyingu, skemmtun, menningu og menntun fyrir borgarbúa á öllum aldri.“

Alþingisbyggingin uppúr jörðinni

Byggingakranar bera við himinn við skrifstofu byggingu Alþingis.
Mynd: Alþingi.

Nú er hafinn uppsláttur fyrir þriðja hæð skrifstofubyggingar Alþingis við Tjarnargötu. Húsið verður alls fimm hæðir og nú er uppsteypu á veggjum annarrar hæðar þess lokið að mestu og búið að steypa tvo af fjórum áföngum við gólfplötu þriðju hæðarinnar.

Einnig er unnið við pípulagnir, aðalrafmagnstöflu hússins og málningarvinna er hafin í kjallaranum. Húsið verður klætt Reykjavíkurgrágrýti, Grindavíkurgrágrýti, gabbró, líparíti, blágrýti og hraungrýti. Byggingin gengur að mestu samkvæmt áætlun. Gert er ráð fyrir að uppsteypu skrifstofuhúss Alþingis ljúki í sumar og að það verði tilbúið vorið 2023. Húsið verður ríflega 6.000 fermetrar að stærð ásamt bílakjallara og hýsir skrifstofur þingmanna, fundarherbergi nefnda, aðstöðu þingflokka og ráðstefnusali. Arkitektar Studio Granda áttu verðlaunatillöguna sem kynnt var 17. desember 2016 en það eru hjónin Margrét Harðardóttir og Steve Christer sem meðal annars teiknuðu Ráðhús Reykjavíkur.

Salirnir áfram í Sögu

Þessi mynd var tekinn þegar miklar endurbætur voru unnar á Súlnasalnum í Bændahöllinni fyrir nokkru.
Mynd: Bændablaðið.

Nú standa yfir flutningar á innbúi Hótel Sögu úr Bændahöllinni eftir að Háskóli Íslands, Félagsstofnun stúdenta og ríkið undirrituðu samning um kaup á húsinu við Hagatorg. Rekstri var hætt í nóvember 2020 en samningaviðræður um sölu á fasteigninni stóðu yfir lengi.

Margir velta fyrir sér hvernig samkomusalir í húsinu verði nýttir en margir eiga margar og góðar minningar þaðan, hvort sem var í Súlnasal, Sunnusal, Grillinu á efstu hæð eða á Mímisbar. Óstaðfestar fregnir herma að ætlunin sé að halda samkomusölunum sem mestu óbreyttum enda fyrir mörgum um sögulegar minjar að ræða. Veitingaaðstaða verði opnuð í Grillinu, hugsanlega á jarðhæð og að Súlnasalurinn verði áfram í sinni upprunalegu mynd. Vinsæll veitingastaður er rekinn á vegum Félagsmiðstöðvar stúdenta í húsnæði háskólans sem kallast Stúdentakjallarinn. Spurning er um hvort starfsemi hans verður flutt yfir í Sögu.

Fjögurra skrefa flokkun úrgangs

Breytingar þurfa að verða á flokkun úrgangs.

Með samræmingu og meiri þéttleika grenndarstöðva myndi endurvinnsla aukast og öllum íbúum yrði kleift að flokka á sama hátt en nýjar lagareglur um meðhöndlun úrgangs taka gildi 1. janúar 2023. Því er óhjákvæmilegt að breyta hirðu úrgangs á höfuðborgarsvæðinu.

Lagt hefur verið til að sveitarfélögin innleiði nýjar aðferðir við flokkun úrgangs á höfuðborgarsvæðinu í skrefum og kynni þau rækilega fyrir íbúum með umsjón Sorpu auk þess sem áríðandi sé að þau undirriti viljayfirlýsingu um samvinnuna sín í milli. Þetta er meðal þess sem fram kemur í tillögum starfshóps um samræmingu úrgangsflokkunar á höfuðborgarsvæðinu.

Í því sambandi verði komið uppi neti stærri og smærri grenndarstöðva á svæðinu í öruggri göngufjarlægð og í alfaraleið sem væri ætlað að taka við gleri, skilagjaldsskyldum umbúðum, málmi og textíl. Þá er gert ráð fyrir að smærri stöðvunum verði dreift um svæðið með um fimm hundruð metra radíus en stærri stöðvarnar allt að kílómetra. Auk framangreinds yrði tekið á móti pappír, pappa og plasti á þeim stöðvum. Þá hefur verið lagt til að sveitarfélögin úthluti íbúum sérstökum bréfpokum til að tryggja söfnun lífræns eldhúsúrgangs. Þetta þýðir að ný fjögurra flokka skipting verði tekin upp og við heimili verði settar upp skiptar tunnur fyrir lífrænan eldhúsúrgang, blandað sorp auk pappírs og plasts.

Hringborð Norðurslóða við Sturlugötu

Hringborð Norðurslóða, Arctic Circle mun verða við Sturlugötu 9. Um það hefur náðst samkomulag á milli Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands. Þurfi stofnunin ekki að nýta alla lóðina verður henni skipt með eignaskiptasamningi.

Aðrir hlutar lóðarinnar en þeir sem heyra undir Norðurslóð verða þá nýttir fyrir klasa af vísindafólki, verkefnum og fyrirtækjum á sviði sjálfbærni, umhverfis-, auðlinda-, náttúrufars- og loftslagsrannsókna. Gert er ráð fyrir að klasinn verði annað hvort á forræði Háskóla Íslands eða Vísindagarða Háskóla Íslands og verði í nánum tengslum við þá starfsemi sem nú fer fram í Öskju, fyrirhugaða starfsemi í Norðurslóð og aðra starfsemi á svæði Háskóla Íslands og Vísindagarða. Lóðin var áður hugsuð fyrir Listaháskólann en nú ert ljóst að hann mun flytja í Tollhúsið við Tryggvagötu.

Hringborð Norðurslóða mun verða á háskólasvæðinu í Vatnsmýrinni.

Ágúst í Bakarabrekkuna

Fasteignafélag slhf. hefur sótt er um leyfi til að innrétta bakarí og kaffihús, veitingastað í flokki 1 á fyrstu hæð í Lækjargötu 3A þar sem veitingastaðurinn Lækjarbrekka var lengi til húsa.

Ágúst Einþórsson, einn stofnenda Brauð & Co, er á bak við þessa umsókn og hyggst opna nýtt bakarí í gömlu Bakarabrekkunni, sem nú heitir Bankastræti. Þar var Bernhöftsbakarí stofnað og rekið frá 1834 til 1932 og síðar við Bergstaðastræti og nú við Skúlagötu.

Húsið á horni Bankastrætis og Lækjargötu þar sem Lækjarbrekka var og Ágúst Einþórsson hyggst stofna Bakarí.

Vilja flytja gömul hús á lóðina við Frakkastíg 1

Reykjavíkurborg hefur borist fyrirspurn frá Zeppelin arkitektum um mögulega endurskipulagningu lóðarinnar nr. 1 við Frakkastíg. Markmiðið með því er að fá leyfi til að flytja þangað hús sem til skamms tíma stóð á baklóð Laugavegar 37 og endurbyggja þar gamla húsið við Laugaveg 74, ásamt því að undirbúa lóðina fyrir tvö önnur flutningshús.

Reykjavíkurborg hefur látið vinna tillögu að allt að sjö hæða byggingu á umræddri lóð á horni Frakkastígs og Skúlagötu. Tillagan mætti mikilli mótspyrnu nágranna og meðal annars frá Minjastofnun Íslands og Íbúasamtökum Miðborgarinnar. Í tillögu Zeppelin sem unnin var að beiðni Leiguíbúða ehf. er miðað við að fjórum gömlum húsum verði skipað niður á lóðina, húsum sem einhverra hluta vegna hefur þurft og þarf að flytja af þeim lóðum sem þau standa á. Bent er á að vel fari á þessari breytingu, þar sem Frakkastígur allt upp að Hallgrímskirkju sé varðaður gömlum húsum. Þá er lagt til að hægt verði að koma fyrir bílakjallara undir húsunum. Fyrirspurninni hefur verið vísað til umsagnar verkefnisstjóra skipulagsfulltrúa Reykjavíkur.

Séð niður Frakkastíginn. Háhýsi til beggja handa en fremst á myndinni er gamli Franski spítalinn.

Íbúasamtökin á móti stórhýsi

Íbúasamtök Miðborgarinnar hafa eindregið lagst gegn því að ráðist verði í sjö hæða byggingu á lóðinni. Stjórn samtakanna telur að halda eigi opna svæðinu við norðurenda Frakkastígs sem einskonar öndunaropi en þar er eini staðurinn í röð hárra bygginga við Skúlagötu þar sem enn eru tengsl milli eldri byggðar og sjávar. Í búasamtökin hafa bent á að stefna Aðalskipulags Reykjavíkur 2010 til 2030 sé að vernda og styrkja íbúðarbyggð og hverfisanda á svæðinu en um leið að efla verslunar-, atvinnu- og þjónustustarfsemi sem fellur að íbúðarbyggð. Því sé ekkert tilefni til þess að setja nýja byggingu sem bæði er framandi í formi og efnisvali inn á milli núverandi þyrpinga. Eftir er að vita hvernig nágrennið tekur í hugmynd um að flytja gömul hús á svæðið.

Safnskipið Óðinn

- varðveitir sögu baráttu og björgunar

Safnskipið Óðinn áður varðskipið Óðinn bakkar að bryggjukanti á Akranesi þegar skipinu var siglt þangað eftir að það var gert sjófært á nýjan leik. Mynd: Skessuhorn.

Umtalsverðar skemmdir urðu á afturhluta Óðins eftir að togarinn Arctic Corsair sigldi á skipið í átökum í einu af þorskastríðunum. Mynd: Landhelgisgæslan.

Togarinn Notts County sem strandaði í ofsaveðri við Snæfjallaströnd í febrúar 1968. Skipahöfn Óðins tókst að bjarga áhöfninni utan eins skipverja er farið hafði í sjóinn, bjargast en króknað síðan úr kulda. Myndin birtist með frétt í Morgunblaðinu.

Hugmynd er að gera Arctic Corsair, sem sigldi á Óðinn upp og það muni síðan síðan þjóna sem safn líkt og Óðinn gerir í dag. Mynd/Hull: Yorkshire's Maritime City.

Safnskipinu Óðni var sigldi út á ytri höfn Reykjavíkur mánudaginn 11. maí árið 2020. Þá voru aðalvélar skipsins ræstar í fyrsta sinn í 14 ár. Óðni var síðan siglt upp á Akranes þann 24. júní sama ár. Sjálfboðaliðar höfðu mánuðina á undan unnið hörðum höndum við að gera vélar skipsins gangfærar og það var stór stund þegar aðalvélarnar voru ræstar eftir langt hlé. Skipið gegndi hlutverki varðskips um langt árabil en hefur undanfarin ár verið hluti af Sjóminjasafni Reykjavíkur.

Varðskipið Óðinn nú safnskip kom til landsins 27. janúar 1960. Skipið var smíðað í Álaborg í Danmörku árið 1959 og er 910 tonn að stærð, 63 metrar á lengd og 10 metrar á breidd. Árið 2002 leit út fyrir að skipið yrði selt úr landi þegar þjónustu þess hjá Landhelgisgæslunni yrði lokið. Að frumkvæði Guðmundar Hallvarðssonar, þáverandi formanns Sjómannadagsráðs og alþingismanns voru stofnuð hollvinasamtök um skipið og urðu þau til með formlegum hætti 26. október 2006. Var þeim ætlað að berjast fyrir að fá skipið til eignar því þannig væri hægt að varðveita sögu þorskastríðanna og einnig að verulegu leyti björgunarsögu Landhelgisgæslunnar. Í lok maí árið 2008 var gengið frá samkomulagi um afhendingu skipsins og að Sjóminjasafnið yrði ábyrgur aðili fyrir varðveislu þess.

Fyrsti Óðinn frá 1926

Óðinn er þó ekki fyrsta varðskipið sem borið hefur þetta nafn. Hinn 23. júní árið 1926 kom til landsins fyrsta varðskipið, sem smíðað var fyrir Íslendinga. Var það gufuskipið Óðinn sem var 512 brúttólesta skip og vopnað tveimur 57 mm fallbyssum. Íslensk landhelgisgæsla hófst þó fyrr eða upp úr 1920 og þá með leiguskipum. Þá var orðið ljóst að ekki yrði hjá því komist að gera út varð- og björgunarskip hér við land.

Bretar kræfastir

Talið er að erlendir aðilar hafi byrjað veiðar við Íslandsstrendur í upphafi fimmtándu aldar. Einkum hafi það verið breskir fiskimenn, sem fyrstir sóttu hingað en fljótlega bættust fiskimenn annarra Vestur Evrópuþjóða í hópinn. Samskipti landsmanna og erlendu fiskimannanna voru yfirleitt góð, þótt á stundum kastaðist í kekki. Einkum voru dæmi um slíkt eftir að dönsk stjórnvöld tóku að sjá ofsjónum yfir þessum veiðum og þeirri verslun, sem varð með hinum erlendu fiskimönnum og landsmönnum framhjá einokunarverslun Dana.

Hannesarmálið

Í lok nítjándu aldar urðu þáttaskil í samskiptum við erlenda fiskimenn. Þá hófu bresk fiskiskip veiðar með botnvörpu hér við land. Þau sýndu oft yfirgang og stunduðu jafnvel veiðarnar svo til uppi í landsteinum. Bresku togararnir toguðu oft yfir veiðarfæri fátækra fiskimanna án þess að þeir gætu rönd við reist. Urðu af þessu átök og bresku sjómennirnir oft illa þokkaðir. Hörðustu átökin urðu síðla árs 1899 þegar Hannes Hafstein skáld og sýslumaður og síðar ráðherra, hugðist taka breskan togara í landhelgi svo til uppi í landsteinum í Dýrafirði. Þeirri viðureign lauk þannig að þrír Íslendingar drukknuðu, en sýslumaður komst af við illan leik.

Islands Falk

Danir önnuðust í upphafi landhelgisgæslu við landið. Hún þótti á stundum illa rekin. Hingað voru send dönsk varðskip yfir sumarmánuðina. Frá vori og fram á haustdaga. Að vetrarlagi var ekkert eftirlit með veiðiþjófunum við landið. Samhliða auknu frelsi þjóðarinnar fóru kröfur um bætta landhelgisgæslu vaxandi. Þegar Íslendingar fengu heimastjórn árið 1904 féllst danska stjórnin á að láta smíða sérstakt eftirlitsskip til landhelgisgæslu hér við land. Skipið kom í gagnið árið 1906 og hlaut nafnið Islands Falk.

Olnbogabarn Skipaútgerðar ríkisins

Árið 1930 var Landhelgisgæslan falin Skipaútgerð ríkisins. Mun tilgangurinn með því að fela Skipaútgerðinni reksturinn hafa verið sá að með því móti mætti draga úr rekstrarkostnaði. Við þetta varð gæslan hálfgert olnbogabarn og endurnýjun skipaflotans varð lítil næstu árin. Landhelgisgæslan varð síðan sjálfstæð stofnun árið 1952 og Pétur Sigurðsson frá Pálsbæ á Seltjarnarnesi og fyrrum sjóliðsforingi í danska sjóhernum ráðinn forstjóri.

Í öllum þremur þorskastríðunum

Varðskipið Óðinn tók þátt í öllum þremur þorskastríðunum á 20. öldinni. Öflugasta vopn skipsins var 57 mm fallbyssa, staðsett á palli fyrir framan brúna. Þekktasta og árangursríkasta vopnið í þorskastríðunum voru þó togvíraklippurnar. Óðinn reyndist einnig vel sem björgunarskip. Hann dró tæplega 200 skip til lands eða í landvar vegna bilana, veiðarfæra í skrúfu eða eldsvoða um borð. Einnig dró hann flutninga- og fiskiskip fjórtán sinnum úr strandi. Þá bjargaði skipið áhöfnum strandaðra skipa þrisvar sinnum og tvisvar bjargaði það áhöfnum sökkvandi skipa. Óðinn sinnti almennu veiðieftirliti alla tíð og beindist það bæði að íslenskum og erlendum skipum. Fylgjast þurfti með hvar var veitt og hvernig veiðarfærin voru. Einnig var Óðinn oft kallaður til þegar ófærð var í landi og erfiðleikar við fólks- og vöruflutninga, ekki síst í afskekktustu byggðum landsins.

Arctic Corsair sigldi á Óðinn

Togarinn Arctic Corsair eða Norðurslóðasjóræninginn varð frægur hér á landi því hann sigldi á varðskipið Óðinn í þorskastríðinu árið 1976 eftir að skipverjar á Óðni höfðu reynt að klippa á togvíra hans. Arctic Corsair var smíðaður árið 1960 í Cook, Welton & Gemmell-skipasmíðastöðinni í bænum Beverly fyrir útgerðina Boyd Line. Skipið var útbúið til úthafsveiða og sótti á norðlæg mið og þótti mjög gott veiðiskip enda aflabrögðin með besta móti á gullaldarárum þess. Systurskip Arctic Corsair hét Arctic Cavalier hafði verið sjósett mánuði á undan. Verulegar skemmdir urðu á aftari stjórnborðhluta Óðins við ásiglinguna.

Ross Cleveland og Notts County

Tæpast er hægt að rifja upp brot úr sögu Óðins án þess að minnast atburða sem urðu á Ísafjarðardjúpi í byrjun febrúar 1968. Þá gekk mikið illviðri yfir landið. Mótorbáturinn Heiðrún II frá Bolungarvík fórst þá með sex manna áhöfn, þar af föður og tveimur sonum. Breski togarinn Ross Cleveland fórst með 19 menn innanborðs. Skipstjóri Ross Cleveland bað fyrir ástarkveðjur til eiginkvenna og barna í síðasta kallinu sem barst frá togaranum. Sögu Ross Cleveland lauk þó ekki alveg þar því einn skipverji bjargaðist með undraverðum hætti. Harry Eddom 1. stýrimaður stökk í sjóinn þegar einsýnt var að togarinn væri að sökkva. Tveir félagar hans drógu hann um borð í gúmmbjörgunarbát. Eftir nokkra klukkutíma létust félagar Eddoms báðir úr vosbúð. Um hálfum sólarhring síðar rak bátinn á land í Seyðisfirði í Ísafjarðardjúpi. Eddom sem var á lífi lagði af stað fótgangandi og sá móta fyrir húsi í botni fjarðarins, sem vera mannlaus sumarbústaður. Hann kom sér fyrir undir húsveggnum þar sem bóndasonur á bænum Kleifum, Guðmann Guðmundsson, fann hann og fylgdi honum heim til bæjar. Mikið var um dýrðir á Ísafirði þegar komið var með Eddom þangað þar sem hann dvaldi á sjúkrahúsinu á meðan hann var að jafna sig. Fréttablaðið The Sun keypti einkarétt á þessari ótrúlegu sögu og bauð meðal annars Ritu eiginkonu hans að koma hingað til lands og hitta hann á Ísafirði. Sigurður Þ. Árnason, fyrrverandi skipherra Landhelgisgæslunnar stýrði áhöfn Óðins í gegnum veðurofsann og tókst að bjarga skipverjum breska togarans Notts County, sem strandað hafði á Snæfjallaströnd. Undir nírætt kvaðst hann aldrei hafa séð neitt líkt og hafa þó starfað á sjó allan sinn starfsaldur.

Síðasta sjóferðin færeyskur togari tekinn

Síðasta sjóferð Óðins í þágu Landhelgisgæslunnar var farin í júní 2006 en þá var stefnan tekin á Bretlandseyjar í kurteisisheimsókn. Á leiðinni var ákveðið að sigla um svæði þar sem erlendir togarar voru grunaðir um að halda sig án leyfis og tilkynninga. Stóð Óðinn færeyskan togara að því að sigla inni í íslenskri efnahagslögsögu án þess að tilkynna sig eða hafa veiðileyfi. Hann var tekinn í landhelgi eins og talað var um áður fyrr. Í ferðinni lenti Georg Kr. Lárusson forstjóri Landhelgisgæslunnar þar með í vinnu við skýrslugerð og að gefa lögfræðilegar ráðleggingar. Skipherrann í síðustu ferð Óðins var Sigurður Steinar Ketilsson.

Miklar breytingar á Hlemmtorgi

Framkvæmdir á Hlemmsvæðinu hefjast bráðlega. Í lok árs 2017 fór Reykjavíkurborg að stað með hugmyndaleit að nýju skipulagi á Hlemmtorgi. Í fyrstu verður farið í útboð og framkvæmdir á fyrsta áfanga á Hlemmi ásamt Rauðarárstíg frá Bríetartúni að Hverfisgötu.

Á þessu ári verður kafli á Laugavegi – svokallaður snákur sem er myndar afmarkað svæði með gróðri, setsvæðum, hjólastæði og óformlegum leikrýmum. Fyrsti áfanginn, sem verður framkvæmdur í sumar, nær frá Snorrabraut að húshorninu til móts við Hlemm Mathöll. Stálprófíll sem rís og hnígur er leiðandi þáttur á þessum kafla en í honum er einnig falin óbein lýsing á völdum svæðum og afmarkar hann þjónustuleiðir í göturýminu. Yfirborð snáksins er myndað með náttúrusteini, en leiðin þjónar einnig hlutverki blágrænna ofanvatnslausna. Sólarmegin á Laugarveginum er gert ráð fyrir að veitingastaðir geti vaxið út í göngurýmið.

Rauðarárstígur frá Grettisgötu að Hlemmi er sólrík gata og í tillögunni er gert ráð fyrir setsvæðum og leikmöguleikum í átt að torgsvæðinu. Lítil hestahjörð stefnir að torginu en það eru hreyfanlegir abstrakt hestar sem mynda meðal annars set- og leiksvæði. Veitinga- og þjónustuaðilar geta einnig vaxið út í göngurýmið.

Rauðarárstígur frá Bríetartúni. Rauðarárstíg norður af Hlemmi verður vistgata í einum fleti og allt rýmið verður hellulagt. Gatnamót við Bríetartún verða upphækkuð og akstursrými afmarkað með lágum kantsteini.

Rauðarárstígur verður lokaður til suðurs við Gasstöðina og með snúningshaus fyrir fólksbíla í botni götunnar. Rafhleðslustæði verða nyrst í götunni en í götunni verða einnig biðsvæði fyrir leigubíla ásamt stæðum fyrir stutt stopp.

Þannig mun Hlemmtorg líta út eftir að umfangsmiklar breytingar hafa verið gerðar.

Ásdís Sif sýnir í Nýló

Ásdís Sif Gunnarsdóttir.

Ásdís Sif Gunnarsdóttir reið á vaðið í Nýlistasafninu í Marshallhúsinu í Örfirisey. Hún opnaði fyrstu sýningu ársins þar fimmtudaginn 27. janúar. Sýning Ásdísar nefnist Stefnumót við sjálfið. Vettvangur sýningarinnr eru vídeóverk, ljósmyndir og gjörningar; augnablik frá mismunandi tímum á ferli listamannsins sem eru fléttuð saman í margbrotna heild. Í verkunum sameinast ljóð og myndir, einkalíf og opinber rými, tækni og náttúra, óvissa og áhyggjuleysi, segir meðal annars í fréttt frá Nýló.

Ásdís Sif Gunnarsdóttir býr og starfar í Reykjavík. Hún útskrifaðist með BFA gráðu frá School of Visual Arts í New York árið 2000 og MA gráðu frá University of California, Los Angeles, árið 2004 með áherslu á vídeó- og gjörningalist. Ásdís Sif hefur frá upphafi ferils sýnt bæði á einka- og samsýningum víða innanlands og á alþjóðavettvangi, meðal annars í Listasafni Akureyrar, Hverfisgallerí, Listasafni Reykjavíkur, Centre Pompidou í París og Tate Gallery í London.

NÝR UNGBARNALEIKSKÓLI
við Bríetartún

Spennandi tækifæri fyrir metnaðarfullt og skapandi fólk sem hefur áhuga og löngun til að koma að og þróa nýjan ungbarnaleikskóla í nýju húsnæði.

Nánari upplýsingar um störfin á reykjavik.is/storf

Fríðindi:
- Sundkort
- Afsláttur á dvalargjaldi
- Samgöngustyrkur
- Forgangur í leikskóla
- Menningarkort
- Heilsustyrkur
- Frír hádegismatur

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Drafnarsteinn fær viðurkenningu

Frá Drafnasteini.

Læsisteymið í leikskólanum Drafnarsteini fékk viðurkenningu á Degi leikskólans. Þrjú þróunarverkefni í leikskólum fengu viðurkenningu þann dag. Hin eru Stakkaborg og Laufskálar.

Í leikskólanum Drafnarsteini starfar læsisteymi sem leggur reglulega áætlun um skipulagða málörvun og læsi í leikskólastarfinu. Teymið fylgir eftir læsisáætlun leikskólans, fylgist með stöðu barna og veitir starfsfólki á deildum og foreldrum fræðslu og stuðning í vinnu við að örva mál og læsi. Í umsögn dómnefndar segir meðal annars að í Drafnarsteini sé farin árangursrík leið til þess að innleiða og viðhalda læsisstefnu leikskólans. Starf læsisteymisins sé til fyrirmyndar og mikillar eftirbreytni fyrir aðra leikskóla.

Kærleikur í Vesturbæjaskóla

Að undanförnu hafa börnin í Vesturbæjarskóla útbúið fallegar kveðjur til nágranna sinna í hverfinu.

Markmiðið er einfalt, að senda smá kærleik út í hverfið, en það var einmitt gildi vikunnar eina skólaviku í febrúar.

Ein kveðjan sem krakkar í Vesturbæjarskóla hafa sent út í hverfið sitt.

Leggjum áherslu á persónulega þjónustu

Margrét Birgisdóttir og Ingibjörg Sigríður Árnadóttir eigendur Reykjavíkur Apóteks.

Í Héðinshúsinu við Seljaveg má finna einstakt apótek þar sem viðskiptavinir njóta framúrskarandi þjónustu með góðu aðgengi að persónulegri ráðgjöf lyfjafræðinga apóteksins. Lyfjafræðingarnir Margrét Birgisdóttir og Ingibjörg Sigríður Árnadóttir reka Reykjavíkur Apótek ásamt mönnum sínum Ólafi Adolfssyni, lyfsala á Akranesi og Pétri Þorgrímssyni.

Margrét er frá Siglufirði, gekk í MA og útskrifaðist sem lyfjafræðingur frá Háskóla Íslands árið 1996. Að námi loknu hóf Margrét störf í Vesturbæjarapóteki sem var á Melhaga um áratuga skeið og starfaði þar í þrjú ár áður en hún flutti sig yfir á markaðsskrifstofu alþjóðlega lyfjafyrirtækisins Eli Lilly og starfaði þar í sjö ár. Árið 2009 bauðst Margréti spennandi tækifæri til taka þátt í að stofna Reykjavíkur Apótek á Seljavegi 2 og sér hún sannarlega ekki eftir að hafa tekið þátt í því ævintýri. Margrét hefur því verið lyfsali í Reykjavíkur Apóteki frá upphafi eða í nær 13 ár.

Hugurinn leitaði aftur í apótekið

Ingibjörg er alin upp í Seljahverfinu, gekk í MR og útskrifaðist úr lyfjafræði frá HÍ árið 2002. Eftir nám fór hún til starfa hjá Lyfju þar sem hún starfaði í nokkrum apótekum áður en leið hennar lá til Eli Lilly þar sem þær Margrét urðu samstarfskonur árið 2004. Úr varð að þær luku störfum hjá Eli Lilly um svipað leyti. Hún tók sér síðan hlé um tíma frá fastri vinnu eftir að þriðja barnið fæddist en þegar börnin fóru að stálpast kveðst hún hafa farið að leita sér að nýju starfi og hugurinn leitað aftur í apótekið.

Persónuleg þjónusta

Þær Ingibjörg og Margret eiga nú Reykjavíkur Apótek á Seljavegi til helminga og standa þar vaktina sex daga vikunnar. Þær segja að Reykjavíkur Apótek sé eins konar „kaupmaðurinn á horninu“ ef þannig megi að orði komast. Apótek sem þjóni aðallega íbúum í gamla Vesturbænum og þeim sem starfa þar í nágrenninu. „Við leggjum mikla áherslu á persónulega þjónustu. Reykjavíkur Apótek er lítið einkarekið fyrirtæki og við stöndum sjálfar vaktina. Viðskiptavinurinn getur treyst því að eigandinn er á staðnum og stendur og fellur með þjónustunni alveg eins og hjá kaupmanninum á horninu,“ segja þær. Enginn símsvari er í Reykjavíkur Apóteki heldur svörum við eins fljótt og hægt er. Viðskiptavinurinn er þá kominn í beint samband þar sem reynt er að leysa úr málum hans. Við erum heldur ekki óaðgengileg baksviðs eins og oft í stærri apótekum þar sem lyfjafræðingurinn er gjarnan baka til að taka saman lyf sem fara síðan fram í afgreiðslu og viðskiptavinurinn hvorki hittir né sér lyfjafræðinginn. Við komum jöfnum höndum fram að afgreiða lyfin í hendur viðskiptavina. Þannig verða til nánari tengsl við viðskiptavininn og þjónustan betri.

Heimsendingarþjónustan mælist vel fyrir

Margrét og Ingibjörg segja þessa þjónustu hafa mælst ákaflega vel fyrir. Rétt eins og heimsendingarþjónustan. „Við höfum frá upphafi boðið upp á heimsendingarþjónustu sem hefur verið vel nýtt og fer vaxandi. Við höfum verið að senda til viðskiptavina á öllu höfuðborgarsvæðinu og náum þannig til stærri hóps viðskiptavina. Það starfa tvær stúlkur í þessu hjá okkur. Þær leggja af stað um miðjan dag áður en síðdegisumferðin byrjar og ná yfirleitt að klára hringinn milli kl. 18 og 19. Því er nauðsynlegt að þeir sem vilja fá lyf send heim samdægurs láti vita af því fyrir klukkan 15. Við höfum eignast marga góða viðskiptavini í öðrum bæjarhlutum í gegnum heimsendingarþjónustuna.“

Leiðbeina um rétt til greiðsluþátttöku

Eitt af því sem snýr að starfi lyfjafræðinga er að útskýra hvernig greiðsluþátttökukerfi lyfja virkar fyrir viðskiptavinina og getur góð þekking á rétti fólks sparað tugi þúsunda á ári. „Við höfum sett okkur vel inn í þau mál og leggjum okkur fram um að leiðbeina viðskiptavinum okkar um val á lyfjum og þeirra rétt til greiðsluþátttöku hjá hinu opinbera í lyfjum.“

Þessi með sykursýkina

Í Reykjavíkur Apóteki er einnig mikil þekking á sykursýkilyfjum, Margrét er sjálf með sykursýki 1. „Ég þarf að fylgjast mjög vel með sykurgildum mínum að sprauta mig með insúlíni. Fyrir vikið þekki ég mjög vel til á þessu sviði og get deilt reynslu minni með öðrum sykursjúkum. Það skiptir máli að sá sem afgreiðir einstakling með sykursýki sé vel að sér, meðal annars vegna þess að tæki og áhöld sem nota þarf geta verið mjög mismunandi og erfitt fyrir þá sem ekki þekkja vel til að rata í þessum frumskógi.“

Grímur, hanskar og heimapróf

Margrét og Ingibjörg segja Kórónuveirufaraldurinn hafa haft áhrif á lyfsölugeirann eins og alla aðra geira samfélagsins. Þó apótek gegni ekki hlutverki varðandi dreifingu bóluefna í faraldrinum hefur sala aukist á ýmsum vörum sem tengjast faraldrinum. Þar megi nefna handspritt, hanska, grímur og nú síðast heimapróf, auk talsverðra áhrifa á heimsendingar sem hafa aukist verulega. „Einkum í byrjun þegar fólk var hræddara en það er í dag við að fara út á meðal fólks og vildi gjarnan komst hjá því. Svo hafa margir verið í einangrun og sóttkví eins og við þekkjum.“

Þekkjum marga með nöfnum

Þær segja að aðalatriðin í þjónustu þeirra sé að vera alltaf til staðar fyrir viðskiptavininn og leiðbeina og þjóna honum vel. Þær leggja áherslu á að allir sem nota lyf eiga að velja sér sitt apótek til að skipta við, jafnvel að eiga sinn lyfjafræðing sem þekkir til þín og lyfjasögu þinnar. Það tryggi ákveðna samfellu og eftirlit með lyfjagjöf og getur komið í veg fyrir mistök við lyfjatöku. „Við þekkjum marga af okkar föstu viðskiptavinum með nöfnum. Það er stór liður í að veita góða og persónulega þjónustu,” segja þær Margrét og Ingibjörg.

Kosningaspjall 2

Hildur fær mótframboð – oddvitaslagur í VG

Andrés Magnússon blaðamaður kvaðst vera búinn að hringja út um allt til að kanna hvort Hildur Björnsdóttir myndi fá mótframboð í oddvitasæti Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík. Þetta sagði hann í Silfrinu hjá Agli Helgasyni 29. janúar. Andrés sem jafnan hefur verið talinn til hægri í flokknum hefur fundist mikilvægt að kanna hvort Sjálfstæðismenn ætluðu að tefla Hildi einni fram í oddvitasæti í prófkjöri.

Ljóst er að ýmsum hörðum hægri mönnum innan Sjálfstæðisflokksins hugnast ekki að Hildur Björnsdóttir leiði framboð flokksins. Hún hefur gengið nokkuð aðra götu í borgarmálum og lagst á sveif með núverandi meirihluta í nokkrum málum. Má þar nefna byggðaþéttingu og samgöngumál. Mál sem ýmsir harðir hægrimenn hafa talað gegn. Þegar þetta er ritað hefur Ragnhildur Alda María Vilhjálmsdóttir, fyrsti varaborgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík ákveðið að gefa kost á sér til þess að leiða lista sjálfstæðismanna í borginni fyrir kosningar í vor. Fleiri geta átt eftir að bætast í hópinn. Kjartan Magnússon og Marta Guðjónsdóttir sækjast eftir öðru sæti. Bæði eru kunn úr borgarmálunum.

Framsóknarmenn að vakna

Framsóknarmenn virðast vera að vakna og átta sig á að borgarstjórnarkosningar eru fram undan. Þeim hefur gengið illa að finna forystumenn í borgarmálum og gleymdu nánast síðustu borgarstjórnarkosningum sem sýndi sig með engum árangri. Nú virðast þeir ekki ætla að brenna sig á því sama enda með góðan kosningasigur í alþingiskosningum að baki. Enn hefur þó ekki verið ákveðið hver muni standa þar í stafni en nafn Björgvins Páls Gústavssonar landsliðsmanns í handbolta heftur borið á góma. Hann hefur gefið til kynna að hann sæktist eftir fyrsta til öðru sæti sæti á lista Framsóknar í Reykjavík í komandi sveitastjórnarkosningum. Björgvin Páll kemur úr íþróttahreyfingunni og gæti átt góðan stuðning vísan. Hann yrði einnig ný ásýnd á Framsóknarflokkinn í borginni sem fólk gæti litið til. Þá herma fregnir að Einar Þorsteinsson, fyrrverandi fréttamaður á RÚV íhugi að sækjast eftir því að leiða lista Framsóknarflokksins. Hann er nýfluttur í Breiðholt eftir að hafa hafnað að leiða lista Sjálfstæðismanna í Kópavogi. Spurning er um hvort tveir öflugir kandídatar muni takast á um forystuna í framsókn.

Dagur B. ótvíræður – flestir vilja halda áfram

Prófkjör í Samfylkingunni er lokið. Dagur B. Eggertsson borgarstjóri er ótvíræður oddviti flokksins. Aðrir borgarfulltrúar gáfu kost á sér áfram. Þar má nefna Heiði Björgu Hilmisdóttir, Skúla Helgason, Sabine Leskopf og Hjálmar Sveinsson sem röðuðu sér á eftir Degi.

Oddvitaslagur hjá VG

Alls munu átta gefa kost á sér í efstu sæti á lista Vinstri hreyfingarinnar græns framboðs. Líf Magneudóttir er borgarfulltrúi flokksins og hyggst gefa kost á sé áfram. Á meðal þeirra sem hyggja á framboð í nafni VG má nefna Stefán Pálsson sagnfræðing og Elínu Björk Jónasdóttir veðurfræðing. Bæði eru þau vel þekkt úr sjónvarpi. Stefán úr ýmsum þáttum einkum spurningaþáttum og Elín Björg flytur oft veðurfréttir í Ríkissjónvarpinu. Elín Oddný Sigurðardóttir varaborgarfulltrúi hefur einnig tilkynnt að hún gefi kost á sér. Elínarnar tvær gefa kost á sér í fyrsta sæti auk Lífar og Stefán stefnir að öðru sæti. Hér er um öfluga frambjóðendur að ræða og því gæti oddvitaslagur verið í uppsiglingu.

Prófkjör hjá Viðreisn

Viðreysn ákvað prófkjör í fyrsta skipti að þessu sinni. Sitjandi borgarfulltrúar Þórdís Lóa Þórhallsdóttir og Pavel Bartoszek gáfu bæði kost á sér auk þess sem Þórdís Sigurðardóttir, fyrrverandi framkvæmdastjóri Hjallastefnunnar og eigandi Manifesto ráðgjafafyrirtækis hefur blandað sér í forystuslaginn.

Prófkjör hjá Pírötum og Kolbrún vill áfram

Píratar virðast búa við nokkuð jafna stöðu hvort sem horft er til lands- eða borgarmála. Prófkjör standa yfir á vegum þeirra og úrslit þess eru því ekki ljós. Borgarfulltrúar þeirra Dóra Björt Guðjónsdóttir og Alexandra Briem hafa ekki gefið annað út en þær hyggist halda áfram störfum að borgarmálum. Sömu sögu má segja af Kolbrúnu Baldursdóttur borgarfulltrúa Flokks fólksins. Í ljósi nokkuð óvænts kosningasigurs Flokks fólksins í nýlegum alþingiskosningum má vænta þess að þeir eigi nokkuð inni í borgarmálunum.

Sanna Magdalena vill halda áfram – óvissa um Miðflokkinn

Um önnur framboð er fátt að segja enn sem komið er. Sanna Magdalena Mörtudóttir hefur

gefið til kynna að hún vilji leiða framboð Sósíalistaflokksins áfram en aðrir ekki verið nefndir til sögunnar. Alla vega ekki enn. Meiri óvissa er í kringum Miðflokkinn. Hann hefur ekki átt miklu gengi að fagna að undanförnu. Harðlínu hægrimenn hugsa ef til vill til hans bjóði hann á annað borð fram. Flokkurinn hefur verið til hægri við Sjálfstæðisflokkinn í borgarmálum og barist mjög hatrammlega gegn öllu sem meirihluti borgarstjórnar hefur staðið fyrir á kjörtímabilinu sem fer að ljúka.



Í heimsókn á Aflagranda

Nemendur í öðrum bekk Grandaskóla með fígúrur eftir Magnús Steingrímsson í heimsókn á Aflagranda.

Krökkunum í öðrum bekk Grandskóla var boðið að koma í heimsókn í Samfélagshúsið Aflagranda í desember þar sem þau fengu mjög góðar móttökur hjá Helgu Ösp og hennar fólki.

Börnin skoðuðu húsið og starfsemina þar og fengu mandarínur og piparkökur. Einnig fengu þau að taka með sér heim tálgaða jólasveina og útsagaðar fígúrur eftir Magnús Steingrímsson.

Ungmennaráð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða

Fæðuúrval fyrir grænkera og aðgengi að getnaðarvörnum

Fulltrúar ungmennaráða sem sátu fund með borgarfulltrúum á dögunum.

Hrafnhildur Kjartansdóttir Hördal, fulltrúi í ungmennaráði Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða flutti tillögu á fundi ungmennaráðsins nýlega um að bæta úrval fyrir grænkera og grænmetisæta í skólamötuneytum borgarinnar. Hún lagði til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundaráði það verkefni að tryggja betri fjölbreytni í grænkera- og grænmetisfæði í mötuneytum grunnskóla í byrjun skólaársins 2022 til 2023.

Í greinargerð með tillögunni segir að síðasta áratug hafi þeim nemendum sem viðhafa grænmetis- og grænkeramataræði fjölgað ört. Grunnskólar borgarinnar bjóði allir upp á fæði fyrir þann hóp en það verður oft mjög einsleitt og fá nemendur fljótt leiða á því að fá alltaf það sama. Það sé á ábyrgð skóla- og frístundaráðs að tryggja að þessir nemendur fái fæðu sem hentar matarvenjum þeirra án þess að það komi niður á fjölbreytni eða gæðum

Auka aðgengi að getnaðarvörnum

Jökull Jónsson, fulltrúi í ungmennaráði Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða lagði til í ungmennaráði að auka aðgengi nemenda að getnaðarvörnum og auka kynfræðslu í grunnskólum. Í tillögu hans er lagt til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundaráði að tryggja aðgang grunnskólanemenda að getnaðarvörnum og fjölbreyttri kynfræðslu. Miða skal við að tryggja aðgang að getnaðarvörnum eins fljótt og hægt er og að kynfræðsla verði aukin frá og með hausti 2022. Í greinargerð segir að mikilvægi getnaðarvarna hafi sýnt sig í gegnum árin og hafi komið í veg fyrir bæði mikla útbreiðslu kynsjúkdóma og þungun unglinga. Með því að bæta aðgengi að getnaðarvörnum í grunnskólum, auka kynfræðslu og upplýsa um hvert hægt er að leita ef ungmenni lenda í vanda tengdum kynlífi er hægt að draga úr skömm unglinga hvað varðar kynlíf og ýta undir að unglingar stundi heilbrigt og öruggt kynlíf.

Umsóknir um götu- og torgsölu

Opnað var fyrir umsóknir um ný leyfi fyrir götu- og torgsölu þriðjudaginn 15. febrúar sl.

Götu- og torgsala er leyfisskyld og tekur til hvers kyns sölustarfsemi sem fer fram á almannafæri utanhúss svo sem á torgum, gangstéttum og í almenningsgörðum. Minniháttar góðgerðarsölur, líkt og tombólur barna og ungmenna, eru ekki leyfisskyldar en öll matsala er leyfisskyld hjá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur. Úthlutun leyfa byggir á kröfum um fjölbreytt framboð á vöru og þjónustu.

Að útlit söluaðstöðu falli vel að nærumhverfi og að góð reynsla sé af sambærilegri starfsemi umsækjanda. Undir götu- og torgsölu fellur ekki námskeiðshald, kennsla, kynningar, sýningar, viðburðarhald og minniháttar góðgerðasala, svo sem tombólur barna og ungmenna, hvort sem er í vögnum, bílum, gámum eða undir beru lofti.

Allt viðburðahald, þ.m.t. borgarhátíðir á borð við 17. júní, Menningarnótt og Reykjavík Pride fellur ekki undir götu- og torgsölu. Sækja skal um söluleyfi á slíkum viðburðum til skrifstofu menningarmála. Sótt er um á vef Reykjavíkurborgar á Mínum síðum á Rafræn Reykjavík.

Systrasamlagið
Netverslun: systrasamlagid.is

Grant Thornton
Endurskoðun • Skattur • Ráðgjöf
www.grantthornton.is
Grant Thornton endurskoðun ehf. er íslenskt aðildarfélag Grant Thornton International Ltd., sem er eitt af fremstu alþjóðlegu samtökum sjálfstæðra endurskoðunar og ráðgjafarfyrirtækja. Grant Thornton endurskoðun ehf. sérhæfir sig í að aðstoða rekstraraðila við að nýta tækifæri til vaxtar og bættrar afkomu með skilvirkri ráðgjöf. Framsýnn hópur starfsmanna, undir stjórn eigenda, sem ávallt eru aðgengilegir viðskiptavinum, nýta þekkingu og reynslu sína til að greina flókin málefni og finna lausnir fyrir viðskiptavini sína, hvort sem það eru einkarekin, skráð félög eða opinberar stofnanir. Yfir 35.000 starfsmenn Grant Thornton fyrirtækja í meira en 100 þjóðlöndum, leggja metnað sinn í að vinna að hag viðskiptavina, samstarfsmanna og samfélagsins sem þeir starfa í.

RECARO
Barnabílstólar í úrvali

SEAT FIX
AIR CIRCULATION SYSTEM
LIGHT WEIGHT
ECE NORM R-44/04
HERO
ISO FIX
ADVANCED SIDE PROTECTION
3 POINT BELT
BÍLASMIÐURINN HF
Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir skrifar

Sundabraut styður við þéttingu byggðar

Þau sem eldri eru en tvævetra eru kannski hætt að hlusta á loforð um Sundabraut, nýja leið út úr Reykjavík sem eykur bæði aðgengi að borginni og út úr henni. Í hjarta mínu trúi ég því að verið sé að taka stór skref í átt að Sundabrautinni með nýrri félagshagfræðigreiningu sem sýnir hversu hagkvæmt verkefni Sundabraut er, hvort sem farið verður í brú eða göng.

Hlutverk Reykjavíkurborgar í því verkefni er að verja hagsmuni borgarbúa, ekki síst þeirra sem verða fyrir áhrifum af Sundabrautinni með aukinni umferð í nærumhverfinu. Og fá skipulag um Sundabraut samþykkt sem allir hagaðilar fá tækifæri til að hafa áhrif á. Skipulagið þarf auðvitað að taka tillit til þeirrar byggðar sem er í Reykjavík, bæði hvað varðar Vogana en ekki síður Grafarvog, þannig að Grafarvogsbúar hafi áfram gott aðgengi að útivistarsvæði sínu við ströndina.

Göng eða brú hefur hvort um sig kosti og galla. Falleg brú gæti orðið eitt helsta einkenni Borgarlandsins, sem yrði líka hægt að hjóla eða ganga yfir. Á meðan göng trufla síður umhverfi þeirra sem búa nálægt Sundabraut. Þá þarf að meta áhrif brúar eða ganga á Sundahöfn og notkun hennar sem stórskipahöfn.

Tengir Reykjavík betur saman

Einn helsti kostur Sundabrautar yrði að tengja hverfi Reykjavíkur betur saman á sama tíma og hún getur styrkt þéttingu byggðar. Grafarvogur og Kjalarnes myndu með Sundabraut færast töluvert nær miðborginni. Umferðarálag myndi á sama tíma dreifast meira á einhverjum stöðum, þó Sundabraut hefði lítil áhrif á öðrum.

Miklar breytingar eru að verða á Ártúnshöfðanum, þar sem atvinnuhúsnæði er að víkja fyrir íbúðarhúsnæði. Þetta er mjög eðlileg þróun í vaxandi borg, að landfrekt atvinnuhúsnæði flytjist þar sem landsvæðið er rýmra og ódýrara, á meðan verðmætara land er byggt upp sem ný hverfi. Þetta sjáum við, auk Ártúnshöfðans, á Kársnesinu í Kópavogi og í Hraununum í Hafnarfirði.

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir.

Iðnaðarsvæði Esjumelum

Lítill og meðalstór iðnaður á samt að eiga sér stað innan borgarmarkanna og gott svæði er fyrir hendi á Esjumelum. Samkeppnishæfni Esjumelanna myndi styrkjast verulega við að fá Sundabraut og tengjast þannig Reykjavík betur. Með þægilegri fjarlægð, getur Reykjavík stutt við fjölgun fyrirtækja sem annars gætu fundið sér stað í nágrannasveitarfélögunum. Ein stærsta breytingin yrði svo á umferð þungaflutninga, sem myndu í mun minna magni skríða upp Ártúnsbrekkuna og í gegnum Mosfellsbæ, á leið vestur og norður um land. Í greinargerð Mannvits og Cowi kemur fram að sendiferðabílar og þungaflutningar myndu spara um 30 þúsund km. í akstri á ári, miðað við að ferðum fjölgaði ekki, með því að fara beinni leið upp á Kjalarnes.

En við viljum ekki bara færa mengunina og umferðarvandann úr Mosfellsbæ og í Vogana eða Grafarvog. Því þarf að undirbúa Sundarbraut vel og gera hana þannig úr garði, að umhverfisáhrifin verði sem minnst. Því er næsta skref að vinna umhverfismat og fara í víðtækt samráð við íbúa í nærumhverfinu og aðra hagaðila.

Höfundur er formaður borgarráðs og oddviti Viðreisnar.

Þorra fagnað í Landskotsskóla

Sumir komu í þjóðlegum búningum.

Fyrsta degi þorra eða bóndadegi var fagnað í Landakotsskóla 21. janúar síðast liðinn. Þorri var fjórði mánuður vetrar í forníslensku tímatali og hófst á föstudegi. Við upphaf hans taldist veturinn hálfnaður.

Í Landakotsskóla var þorramatur á borðum sem hefð er fyrir að bera fram á þorra og samanstendur af ýmsum þjóðlegum réttum. Mat sem algengur var fyrr á tímum einkum fyrir tíma ísskápa og frystikista á heimilum fólks. Mjólkursýra var notuð til að auka geymsluþol matar og kallast það súrmeti. Þessar matarvenjur voru endurvaktar af veitingamönnum á seinni hluta síðustu aldar og eru einkum á boðstólum á þessum árstíma. Í Landakotsskóla komu sumir í þjóðlegum búningum. upphlut, lopapeysum og öðrum flíkum úr lopa í tilefni dagsins.

Íbúar í Vesturbæ og Miðborg!

Styðjum Kjartan Magnússon í 2. sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík, 18. - 19. mars.

Kjartan gjörþekkir málefni hverfanna og hefur unnið vel að hagsmunum þeirra.

2. sæti KJARTAN Magnússon

Vesturbæjarblaðið

www.borgarblod.is

Útfararþjónusta í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

Ofuráhersla á þéttingu – ekki þjónustu við íbúa

- segir Kjartan Magnússon

Brýnt er að ráðast í veigamiklar umbætur hjá Reykjavíkurborg þar sem stjórnun mikilvægra málaflokka er ábótavant. Færa þarf áherslur borgarinnar frá gæluverkefnum til grunnþjónustu. Leggja þarf sérstaka áherslu á húsnæðismál, samgöngumál, skólamál og almenna umhirðu í borginni. Þetta segir Kjartan Magnússon varaþingmaður og fyrrv. borgarfulltrúi, sem sækist eftir 2. sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins 17.-18 mars.

Kjartan Magnússon.

,,Það er kominn tími á breytingar í borginni og ég býð nú að nýju fram reynslu mína og þekkingu á sviði borgarmála. Það er verk að vinna í borginni, ekki síst í Vesturbænum sem hefur að ýmsu leyti verið vanræktur," segir Kjartan.

Snjórinn afhjúpar stjórnunarvandann

Margir Vesturbæingar hafa gert athugasemd við hvernig staðið hefur verið að snjómokstri í borginni á undanförnum vikum. Kjartan segir frammistöðuleysi borgarinnar í snjóruðningi á undanförnum 10 dögum hafi afhjúpað þann skort á stjórnun og skipulagi, sem ríki hjá æðstu stjórn borgarinnar. ,,Reykjavík er nyrsta höfuðborg heims og 27 cm. snjódýpt í febrúar ætti ekki að koma neinum á óvart. Auðvitað ætlast enginn til þess að svo miklum snjó sé rutt burt samdægurs af götum og gangstéttum en áður tókst að ná a.m.k. einum ruðningi í öllum húsagötum borgarinnar á 2-3 dögum. Viku eftir að snjókoman hófst um daginn hafði borgin ekki enn náð tökum á ástandinu og kvartanir bárust þá enn úr mörgum húsagötum að þar hefði snjóruðningstæki ekki enn sést. Snjóruðningur er ekki flókið verkefni og hægt er að stórauka afkastagetuna með því að fá verktaka til liðs við borgina meðan verið er að ná tökum á ástandinu. Af einhverjum ástæðum var það ekki gert Þarna vantar verulega upp á stjórnun og skipulag," segir Kjartan.

Ofuráhersla á þéttingu – ekki þjónustu

Kjartan býr í Vesturbænum og beitti hann sér fyrir mörgum málefnum hverfisins þegar hann sat í borgarstjórn. Hann hefur m.a. gagnrýnt hvernig vinstri meirihlutinn hefur staðið að þéttingu byggðar í hverfinu. ,,Áhugaleysi vinstri meirihlutans í borgarstjórn á uppbyggingu innviða í Vesturbænum er ekki í neinu samræmi við áform um mikla þéttingu byggðar. Ef fjölga á íbúum hverfisins um mörg þúsund verða skólar, íþróttamannvirki og umferðarmannvirki að bera slíka fjölgun. Það gera þau ekki nú," segir Kjartan.

Sem borgarfulltrúi flutti Kjartan ýmsar tillögur um endurbætur á skólabyggingum og skólalóðum í Vesturbænum, t.d. við Hagaskóla, Melaskóla, Grandaskóla og Vestubæjarskóla. Á síðasta kjörtímabili lagði hann t.d. til að undirbúningur yrði hafinn að viðbyggingu við Melaskóla enda ljóst að húsnæðisþörf skólans yrði ekki leyst til framtíðar án hennar. Þá beitti hann sér fyrir bættri aðstöðu KR í þágu barna- og unglingastarfsemi félagsins, og lagði m.a. til að félagið fengi svokallaðan SÍF-reit við Keilugranda undir starfsemi sína. ,,Borgarfulltrúar Samfylkingarinnar úthlutuðu lóðinni hins vegar undir fjölbýlishús í nafni þéttingar byggðar. Augljóst er að Vesturbærinn hefur setið á hakanum hjá núverandi meirihluta hvað varðar bætta íþróttaaðstöðu og því vil ég breyta."

Hættulegasti götukafli landsins

Kjartan flutti einnig margar tillögur varðandi umferðaröryggi víðs vegar í Vesturbænum. ,,Hringbraut frá Melatorgi og vestur að sjó er hættulegasti götukafli landsins fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur og þar vantar öruggar gönguleiðir. Þarna þarf að stórauka öryggið, t.d. með undirgöngum eða brú. Einnig þarf að bæta öryggi á gatnamótum Hringbrautar og Hofsvallagötu," segir Kjartan Magnússon að lokum.

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi
ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Sverrir Einarsson
Símar allan sólarhringinn:
581 3300 & 896 8242
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er
www.utforin.is
ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS SÍÐAN 1996
ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

Grunnþjónusta í forgang og almenn virðing fyrir borgurunum

Marta Guðjónsdóttir hefur verið áberandi borgarfulltrúi á kjörtímabilinu sem nú er að ljúka. Hún er fædd í Reykjavík, ólst upp í Vesturbænum, var í Melaskóla og Hagaskóla og er KR-ingur af líf og sál. Hún sækist nú eftir öðru sætinu á lista Sjálfstæðisflokksins, vegna borgarstjórnarkosninganna í vor.

Marta hefur beitt sér fyrir skynsamlegum lausnum í skipulags- og samgöngumálum, en tækifæri til uppbyggingar íbúðarhúsnæðis fyrir ungar fjölskyldur er réttlætismál sem Marta hefur sett í forgang. Þá hefur reynsla hennar og þekking skilað sér í fjölmörgum framfarasinnuðum málum á sviði skóla-uppeldismála. Marta hefur verið ötull talsmaður Vesturbæjarins og m.a. barist fyrir viðhaldi og endurgerð grásleppuskúrana við Ægisíðu. Blaðamaður hitti Mörtu á dögunum, spjallaði við hana um stöðuna í borgarpólitíkinni og helstu hugðarefni hennar í þeim efnum.

Marta Guðjónsdóttir er Vesturbæingur í húð og hár.

Hver verða helstu kosningamálin í vor, Marta?

„Við höfum verið í góðu árferði á landsvísu, þrátt fyrir heimsfaraldur. Engu að síður hefur Reykjavíkurborg verið að safna gífurlegum skuldum, án þess að standa í opinberum stórframkvæmdum. Svona alvarleg skuldastaða kemur alltaf niður á almenningi: í hærri sköttum og álögum, verri þjónustu og vanrækslu af ýmsu tagi, s.s. eins og á viðhaldi skólabygginga, skólalóða, göngustíga og annarra mannvirkja. Við höfum því miður dæmi um þetta í Hagaskóla þar sem mygla kom upp í vetur. Það þarf því að bregðast strax við þessari alvarlegu stöðu. Við þurfum annars vegar að lækka þessar skuldir á raunhæfan hátt, en við þurfum einnig að stöðva skuldasöfnun. Það gerum við með því að hagræða í rekstri og draga úr óþarfa gæluverkefnum á ýmsum sviðum. Þegar skuldafeninu sleppir held ég að helstu kosningamálin muni snúast um skipulagsmál, samgöngumál, lóða- og húsnæðismál og síðast en ekki síst biðlista á leikskólunum."

Áttu von á að hægt sé að liðka fyrir umferðinni á stofnbrautum á álagsstímum?

„Já. Enda eru þessar sívaxandi umferðartafir, því miður, að verulegu leyti heimatilbúnar. Í meira en áratug hafa borgaryfirvöld fylgt þeirri stefnu að að berjast fyrir Borgarlínu en leggja um leið stein í götu okkar þegar kemur að stofnbrautum. Þetta hægir mjög á ferðum fólksbíla og almenningsvagna og er gert til að reyna að fækka fólksbílum í umferðinni. Okkar stefna snýst hins vegar um að greiða fyrir allri umferð - óháð ferðamáta. Í þeim efnum er ýmislegt hægt að gera strax til að auka umferðarflæðið. Við þurfum t.d. nútíma umferðarljós sem nýta snjalltækni í umferðarstýringu til hins ítrasta. Tvær ljósastýrðar gangbrautir yfir Miklubraut, við Stakkahlíð og Klambratún, draga feikilega mikið úr umferðarflæði Miklubrautar og er því miður ætlað að gera það. Undirgöng eða göngubrýr á þessum stöðum myndu borga sig upp á nokkrum vikum. Vinna þarf að sambærilegum lausnum þegar kemur að göngutengingum yfir Hringbraut, fyrir vestan Melatorg. Það er brýnt umferðaröryggismál fyrir börn á leið í skóla eða í íþróttir og tómstundir."

Hvernig sérðu fyrir þér að hægt sé að leysa húsnæðisvandann og lóðaskortinn?

„Þarna komum við aftur að heimatilbúnum vanda. Aðalskipulagið frá 2013 kvað á um að nánast öll uppbygging ætti að vera miðsvæðis, vestan Elliðaáa. Þessi þéttingarstefna hefur margfaldað byggingalóðir í verði og leitt þannig af sér mikinn húsnæðisskort og gífurlegar hækkanir á húsnæðis- og leiguverði. Auk þess vekur þéttingin víða deilur þar sem hún þrengir oft verulega að þeirri byggð sem fyrir er. Dæmi um slíkt eru þéttingaráform á bensínstöðvarreitnum við Ægisíðu og fyrirhuguð gífurleg þétting og landfylling í Skerjafirði, sem er hrein aðför að íbúunum. Hér þarf að snúa við blaðinu. Mæta þarf húsnæðisþörfinni með úthlutun lóða á hagkvæmu verði fyrir fjölbreytta byggð í nýjum hverfum. Það er allur galdurinn."

Biðlistar á leikskólum hafa verið viðvarandi vandi. Áttu einhver svör við því?

„Já. Við þurfum meirihluta í borgarstjórn sem er reiðubúinn að setja grunnþjónustu við borgarbúa í forgang. Pólitískur vilji er því upphafið og endirinn á þessu öllu saman. Borgaryfirvöldum ber að veita borgarbúum tiltekna grunnþjónustu en hún versnar með hverju árinu. Fjöldi foreldra þurfa að aka í önnur hverfi með börnin sín á leikskóla og aðrir þurfa t.d.að fá ömmur og afa til að hlaupa í skarðið. Meirihlutinn hefur gefist upp á því að stytta biðlista á leikskóla og sinna viðhaldi skólabygginga. Það er jafnréttismál að brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla þannig að öll börn 12 mánaða og eldri verði tryggð leikskólavist. Til að vinda ofan af þessum vanda þurfum við fyrst og síðast gjörbreytt viðhorf. Setja þarf grunnþjónustu í forgang og almenna virðingu fyrir borgurunum, tíma þeirra og fjármunum."

Matthildur og Sigurpáll markmenn ársins 2021

Markmenn KR í knattspyrnu tímabilið 2021 voru útnefndir á dögunum. Í kvennaflokki Matthildur Eygló Þórarinsdóttir markmaður 5. flokks sem einnig hefur spilað upp fyrir sig í 4. flokki.

Hún er dugleg metnaðarfull, hefur góðan leiksskilning og var valin í pressuliðið á TM mótinu sl. sumar og er þar mikið efni á ferð.

Í karlaflokki er það Sigurpáll Sören Ingólfsson en hann er lykilmaður í liði 2. flokks sem vann B deildina sl. sumar. Sigurpáll hefur alltaf lagt mikið á sig við æfingar og er mjög efnilegur markmaður. Hann er teknískur, mjög góður í fótunum og lætur vel í sér heyra á vellinum.

Markmannafélag KR sér um afhendinguna en verðlaunin eru á vegum Heimis Guðjónssonar fyrrum markmanns KR og landsliðsins.

Heimir var markmaður meistaraflokks KR á árunum 1955 til 1965 og var lykilmaður í sigursælu liði KR á þessum tíma og vann alla titla sem í boði voru.

Það eru markmannsþjálfarar félagsins Valþór Halldórsson, Kristján Finnbogason og Gísli Þór Einarsson sem bera hitan og þungann af valinu þetta árið.

Við valið er einkum horft til frammistöðu á vellinum, ástundun við æfingar og framkomu innan sem utan vallar.

Til hamingju bæði tvö og gangi ykkur vel!

Matthildur Eygló Þórarinsdóttir og Sigurpáll Sören Ingólfsson.

Gígja Valgerður, Marcy Barberic og Margrét Regína semja við KR

Þrjár öflugar knattspyrnukonar hafa gengið til liðs við KR í meistaraflokki kvenna í knattspyrnu sem vann sér sæti í efstu deild á síðasta tímabili.

Gígja Valgerður er reynslumikill leikmaður sem kemur frá HK. Gígja er uppalin í Völsungi, fór þaðan í Þór/KA og lék lengst af með þeim í efstu deild og varð Íslandsmeistari með þeim árið 2012. Þá hefur Gígja líka leikið með Val og HK/Víkingi í efstu deild.

Hún hefur samtals leikið 260 KSÍ leik í meistaraflokki, þar af 138 í efstu deild og skorað í þeim leikjum 15 mörk. Gígja á einn landsleik að baki með U19 ára landsliðinu.

Gígja er öflugur varnamaður sem kemur til með að styrkja liðið með reynslu sinni og gæðum og hjálpa ungum leikmönnunum okkar að taka sín fyrstu skref í efstu deild.

Macy Barberic kemur úr háskólaboltanum í Bandaríkjunum og var á Hermann Trophy watch list sem efnilegustu leikmenn bandaríska háskólaboltans komast á. KR er sérstaklega ánægt með að hafa krækt í þennan öfluga sóknarleikamann sem við bindum miklar vonir við.

Margrét Regína Grétarsdóttir hefur skrifað undir tveggja ára samning við KR. Margrét Regína byrjaði í knattspyrnu hjá BÍ/Bolungarvík og spilaði sinn fyrsta KSÍ meistaraflokksleik með þeim aðeins 14 ára gömul. Frá BÍ lá leiðin til Fram í Reykjavík og um tíma Fram/Aftureldingu allar götur síðan, samtals 108 KSÍ leiki. Margrét Regína er öflugur leikmaður með góða reynslu og er núna að spreyta sig í fyrsta sinn í efstu deild kvenna.

Gígja Valgerður og Macy Barberic.

www.kr.is

BÍLAVIÐGERÐIR GRANDA

S: 562 5999 S: 669 5999

FISKISLÓÐ 83 - 101 REYKJAVÍK

Ævintýraborg Eggertsgötu



Ævintýraborg Nauthólsvegi



ÆVINTÝRABORGIR

Tveir nýir leikskólar

- Viltu taka þátt í að móta skólann frá upphafi?

Við leitum að kraftmiklu, skapandi og metnaðarfullu fólki til að slást í för með okkur og móta starfið í skólunum tveimur, við Eggertsgötu og Nauthólsveg.

Ævintýraborgirnar eru leikskólar miðsvæðis í borginni. Í þeim verður góður aðbúnaður fyrir börn og starfsfólk. Frábær starfsmannaaðstaða, nægt rými og 36 stunda vinnuvika.

Fríðindi:

- Sundkort
- Afsláttur á dvalargjaldi
- Samgöngustyrkur
- Forgangur í leikskóla
- Menningarkort
- Heilsustyrkur
- Frír hádegismatur

Nánari upplýsingar um störfin og ævintýraborgirnar á **reykjavik.is/storf**

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið